

19.janúar 2023

Efni: Athugasemdir vegna deiliskipulagsbreytinga á hafnarsvæði Húsavíkur

Húsavíkurslippur Ehf. er vissulega ekki stórt fyrirtæki en sérstakt engu að síður. Þetta er ein af síðustu togbrautum landsins sem lifað hefur af breytingar í sjávarútvegi. Upptökumannvirkin og verkstæðin við Naustagarð 2, auk þeirra verktaka sem njóta góðs af þeim bátum sem þar koma í slipp, skipta væntanlega einhverju máli í atvinnulífinu á Húsavík því allt telur í fjölbreyttu atvinnulífi.

Sérstaða Húsavíkurslippers og þar með samfélagsleg ábyrgð er undirrituðum ljós, enda slippurinn staðsettur á áberandi stað í miðbæ Húsavíkur. Reynt hefur verið á undanförunum misserum að fegra umhverfi og gera allt útlit og umgengni þannig að sómi sé af. Það að sjá báta í slipp, ekki síst gamla íslenska eikarbáta, er aðdráttarafli útaf fyrir sig sem sést best á fjölda þeirra sem leggja leið sína að þeim til að mynda.

Einnig er nú unnið að frekari uppbyggingu gestastofu í suðurenda Naustagarðs 2 en handverkshópnum Kaðlín hefur nú verið fundinn nýr staður í „Verbúðum“ sem áður hýstu atvinnugrein sem nánast er horfin á Húsavík, því miður, þ.e. smábátaútgerð.

Auk fegrunar útlits og áherslu á að bæta umgengni almennt er nú unnið að tugmilljóna króna viðgerðum á brautum slippersins neðansjávar og fyrir liggur að upptökumannvirkð sjálft þarf annað eins innan 2-3 ára.

Þetta kann að hljóma sem óviðkomandi hjal, þeim stórtæku hugmyndum um verksmiðju norðan lóða slippersins sem eru áætlaðar um 10 x stærri að flatarmáli en skemma slippersins er. En mergurinn málsins er að Húsavíkurslippur byggir afkomu sína að langmestu á sjálfbærri nýtingu lífríkis Skjálfandaflóa og nágrennis. Áður fiskveiðum, en nú fyrst og fremst náttúruskoðunarferðum á endurnýttum eikarbátum sem þurfa sértækt viðhald og eftirlit.

Á meðan ekki liggja fyrir óyggjandi sannanir, studdar af rannsóknum, að stórtækt uppslit stórpara við ströndina hafi ekki neikvæð áhrif á lífríkið sem við, svo mörg í þessu sveitarfélagi, byggjum afkomu okkar á mælir undirritaður með sveitarfélagið okkar og önnur við Íslandsstrendur, fari varlega í sakirnar og láti náttúruna njóta vafans.

Virðingarfyllst,

Heimir Harðarson,

(kt. 060375 4109)

Rekstrarstjóri Húsavíkurslippers Ehf.

(kt. 650406 2570)